

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar í máli nr. E-4858/2011:

Eyvindur Jóhannsson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

KPMG ehf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

KPMG Lausnum ehf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

KPMG FS ehf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Einari Sveinbjörnssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Benedikt Kjartani Magnússyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (réttargæsla) og

(Kristín Edwald hrl.)

Tryggingamiðstöðinni hf. (réttargæsla)

(Valgeir Pálsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar sl., er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 14. desember 2011 og þingfestri 15. sama mánaðar.

Stefnandi er Eyvindur Jóhannsson, Hæðarbyggð 24, Garðabæ.

Stefndu eru KPMG ehf., Borgartúni 27, Reykjavík, KPMG lausnir ehf., Borgartúni 27, Reykjavík, KPMG FS ehf., Borgartúni 27, Reykjavík, Benedikt Kjartan Magnússon, Aratúni 6, Garðabæ, og Einar Sveinbjörnsson, Íragerði 6, Stokkseyri. Til réttargæslu er stefnt Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, og Tryggingamiðstöðinni hf., Síðumúla 24, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum 213.315.879 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. apríl 2010 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar, stefnanda að skaðlausu, samkvæmt málskostnaðarreikningi. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því er þess krafist að málkostnaður beri virðisaukaskatt.

Stefndi, KPMG ehf., gerir þær dómkröfur að félagið verði sýknað af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Stefndi, KPMG Lausnir ehf., gerir þær dómkröfur að félagið verði sýknað af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Stefndi, KPMG FS ehf., gerir þær dómkröfur að félagið verði sýknað af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Stefndi, Benedikt Kjartan Magnússon, gerir þær kröfur að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað auk virðisaukaskatts.

Stefndi, Einar Sveinbjörnsson, gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað auk virðisaukaskatts.

Af hálfu réttargæslustefndu eru engar kröfur gerðar í málinu.

I.

Helstu málavextir eru þeir að stefnandi var eigandi að 100% hlut í félagunum Vinnulyftur ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. en stefnandi stofnaði Vinnulyftur ehf. 28. desember 1995 og Smiðsbúð 12 ehf. hinn 17. desember 2001.

Samkvæmt samþykktum Vinnulyftna ehf. var tilgangur þess heildsala, smásala og umboðssala kaupa og sala fasteigna ásamt rekstri fasteigna. Að auki kaup og sala á byggingarvörum, rekstur vinnuvéla, útleiga á vinnulyftum, vinnupöllum og öðrum vinnuvélum, svo og sala á slíkum tækjum og búnaði, auk almennrar verktakastarfsemi. Einnig stundaði félagið lánastarfsemi ásamt skyldri starfsemi. Er því lýst í stefnu að fyrirtækið hafi verið vel tækjum búið samkvæmt upplýsingum ársreikningaskrár, sem unnin hafi verið eftir sölu félagsins af stefndu.

Stefndi, Einar Sveinbjörnsson, hafi áritað ársreikninginn. Varanlegir rekstrarfjármunir hafi verið áætlaðir 131.899.175 krónur og skammtímakröfur og handbært fé 20.853.846 krónur.

Smiðsbúð 12 ehf. hafði sama skráða tilgang og Vinnulyftur ehf. og átti félagið fasteignina Smiðsbúð 12 í Garðabæ þar sem Vinnulyftur ehf. voru með höfuðstöðvar sínar. Stefnandi kveður fasteignina að Smiðsbúð hafa verið veðbandalaus við sölu félagsins.

Stefnandi kveður stefnda, KPMG ehf., með stefnda Benedikt í forsvari, hafa átt frumkvæði að því að koma félögum stefnanda í verð. Hafi stefnanda verið sagt að FS21 ehf. hygðist gera kauptilboð í félögin. Ekki hafi verið greint frá því hverjir stæðu að baki FS21 ehf. að öðru leyti en því að um væri að ræða fjársterka aðila. Samkvæmt framlagðri stofnfundargerð, dagsettri 27. mars 2007, var CF-fyrirtækjasala ehf., nú stefndi KPMG FS ehf., stofnandi félagsins. Stefnandi bendir á í stefnu að stefndi, KPMG FS ehf., hafi verið stofnaður af stefnda, KPMG Lausnum ehf., en síðarnefnt félag hafi verið stofnað af starfsmönnum stefnda, KPMG ehf. Stefndu, KPMG FS ehf. og KPMG Lausnir ehf., séu að fullu í eigu stefnda, KPMG ehf. Stefnandi Benedikt, stjórnarmaður í stefnda, KPMG ehf., hafi verið stjórnarmaður og prókúruhafi í FS21 ehf. og hafi hann átt frumkvæði að því að nálgast stefnanda og átt í mestum samskiptum við hann vegna kaupanna.

Hinn 18. apríl 2007 undirrituðu stefndi Benedikt, forstöðumaður fyrirtækja sviðs stefnda, KPMG ehf., og Smiðandi ehf. skjal sem ber heitið „Verkefnistillaga um þjónustu vegna kaupa á Vinnulyftum ehf., og Smiðsbúð 12 ehf.“ Skjal þetta er samningur um kaup Smiðanda ehf. á ráðgjafarþjónustu stefnda, KPMG ehf., vegna fyrirhugaðra kaupa á hlutum í tveimur einkahlutafélögum stefnanda, Vinnulyftum ehf. og Smiðsbúð 12 ehf.

Samkvæmt samningum átti stefndi, KPMG ehf., að veita forsvarsmönnum Smiðanda ehf. aðstoð við verðmat félaganna, vinna tilboð í hlutafé þeirra og koma fram gagnvart seljanda. Verkefninu var skipt í fjóra áfanga og þá var tilgreindur sá hópur ráðgjafa, sem að verkinu kæmi á vegum stefnda, KPMG ehf., og einnig tiltekið hvaða þóknun verkkaupa bæri að greiða fyrir þjónustuna.

Eins og fram kemur í samningnum áttu forsvarsmenn verkkaupa, Eiður Ingi Sigurðarson og Gestur Már Þráinsson, fund með KPMG hinn 10. apríl 2008. Segir í samningnum að á þeim fundi hafi einnig verið fyrirhugaður samstarfsaðili þeirra í verkefninu, Elías Ívarsson, sem á þeim tíma var starfsmaður Vinnulyftna ehf., og var hann kynntur sem fyrirhugaður samstarfsaðili Eiðs Inga og Gestis Más. Í greinargerð stefndu kemur fram að stefndi, KPMG ehf., hafi eftir fundinn haft samband við stefnanda og fengið leyfi hans til að fá ársreikninga og önnur nauðsynleg gögn hjá Jóni S. Þorbergssyni viðskiptafræðingi, sem sá um bókhald fyrir félög stefnanda. Í málinu liggja frammi útprentanir af tölvupóstum starfsmanna stefnda, KPMG ehf., og Jóns S. Þorbergssonar vegna þessar samskipta.

Í málinu liggja frammi tvö tilboð í allt hlutafé Vinnulyftna ehf. og Smiðsbúðar 12 ehf. og eru þau bæði dagsett 22. maí 2007. Tilboðsgjafi í báðum tilboðunum er FS21 ehf. og ritar stefndi Benedikt undir tilboðin fyrir hönd hans á grundvelli umboðs frá 22. maí 2007. Óumdeilt er að stefnandi tók ekki fyrra tilboðinu innan tilboðsfrestsins, sem var til kl. 12:00 miðvikudaginn 23. maí 2007.

Tilboðsfjárhæð var 425.000.000 króna. Á seinna tilboðinu, sem er að fjárhæð 455.000.000 króna, er handritað að tilboðsfrestur sé til föstudagsins 25. maí kl. 12:00 en sú dagsetning er síðan leiðrétt og nýr frestur tiltekinn til laugardagsins 26. maí kl. 24:00. Er þetta tilboð samþykkt með undirritun stefnanda.

Með kaupsamningi, dagsettum 22. maí 2007, keyptu Eiður Ingi Sigurðarson, Elías Ívarsson og Gestur Már Þráinsson félagið FS21 ehf. af CF-fyrirtækjasölu ehf., nú stefndi, KPMG FS ehf. Stefndi, KPMG FS ehf., var á þessum tíma undir stjórn Ágústs Þórhallsssonar lögmanns. Tilgangur CF-fyrirtækjasölu ehf. var að sögn stefndu einkum sá, að stofna og eiga á lager félög með takmarkaðri ábyrgð, sem selja mætti þriðja manni fyrir þann rekstur sem hann hygðist stunda. Félagið var með starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá réttargæslustefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., til 31. desember 2009.

Kaupandi lét gera svokallaða áreiðanleikakönnun á hinum seldu félögum. Um þann þátt sá endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers ehf. en kaupandi átti á sama tíma í viðræðum við Glitni banka hf. um fjármögnun kaupanna.

Gengið var frá kaupsamningi milli FS21 ehf. og stefnanda um kaup þess fyrrnefnda á Vinnulyftum ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. á fundi 11. júlí 2007 í húsakynnum stefnda, KPMG ehf. Óumdeilt er í málinu að á fundinum var farið yfir efni kaupsamningsins og fylgiskjala og að fundinn sátu fulltrúar kaupanda og ráðgjafar þeirra, auk stefnanda og Jóns S. Þorbergssonar. Sama dag var gengið frá samkomulagi um varðveislu stefnda, KPMG ehf., á skjölum þeim, sem vörðuðu kaupin, og átti sú varðveisla að standa þar til gengið hefði verið frá skjölum milli FS21 ehf. og þess aðila sem lánaði fé til kaupanna, FS21 ehf. hefði greitt kaupverðið í samræmi við lið 2.2 í kaupsamningnum, gert upp vaxtaberandi skuldir og gengið hefði verið frá skuld stefnanda við félagin vegna úttektar hans úr rekstrinum.

Í 3. lið fyrirvara í kauptilboðunum áskildi tilboðsgjafi, FS21 ehf., sér rétt til að ræða við Elías Ívarsson, starfsmann Vinnulyftna ehf. til sjö ára, um áframhaldandi störf hjá félaginu. Stefndi lýsir atvikum þannig að fyrst við kaupsamningsgerðina hafi komið í ljós að Elías var einn þriggja, sem stefndi, KPMG ehf., hefði unnið fyrir, með og að yfirtökunni en stefndi hefði ekki áður verið upplýstur um það. Í stefnu er því lýst að hinn 9. júlí 2007 hafi ríkisskattstjóri veitt skjallægum gögnum viðtöku um breytta stjórn, framkvæmdarstjórn, firmaritun og prókúru FS21 ehf. en stefndi hafi fyrst við kaupsamningsgerðina fengið að vita um það, að við félaginu hefðu tekið þeir Eiður Ingi Sigurðsson, Gestur Már Þráinsson og Elías Ívarsson.

Óumdeilt er að stefndi, KPMG ehf., gegndi áfram starfi endurskoðanda fyrir FS21 ehf. og tók jafnframt við starfi endurskoðanda fyrir Vinnulyftur ehf. og Smiðsbúð 12 ehf.

Kaupverðið var 453.983.977 krónur samtals fyrir allt hlutafé í Vinnulyftum ehf. og Smiðsbúð 12 ehf., að frádregnum vaxtaberandi skuldum og skuldum við eigendur hinn 31. desember 2006. Til lækkunar á kaupverði skyldi koma:

a) Breytingar til lækkunar á eigin fé kr. 901.809

b) Bifreið fastanr. XI-400 kr. 204.194

Er jafnframt handritað í kaupsamninginn: „Búið að taka 20.000.000,-“.

Kaupverðið skyldi greiðast með eftirfarandi hætti:

a) Við innan 3ja virkra daga frá undirritun kaupsamnings kr. 258.893.997

b) Með óverðtryggðu skuldabréfi til 3 ára

sem ber 10,5% vexti kr. 90.000.000

c) Með greiðslu í reiðufé hinn 31. mars 2008 kr. 105.000.000

Samtals kr. 453.893.997

Af a-lið hér að ofan hafi átt að koma frádráttur vegna niðurgreiðslu á vaxta berandi skuldum fyrirtækjanna og vegna úttektar stefnanda. Hafi átt að greiða 185.872.402 krónur inn á reikning stefnanda. Skuldabréfið samkvæmt b-lið átti að afhenda við undirritun kaupsamnings. Í 4. kafla kaupsamningsins er að finna yfir lýsingar seljanda og kaupanda um frádrætti og önnur atriði varðandi fjárhagslegt uppgjör samkvæmt samningnum.

Í málinu liggur frammi framangreint skuldabréf að fjárhæð 90.000.000 króna, útgefið 11. júlí 2007 af FS21 ehf. til stefnanda. Lánið bar FS21 ehf. að endurgreiða með einni afborgun hinn 1. ágúst 2010 en lánið bar 10,5% fasta vexti frá 11. júlí 2007 og skyldu þeir greiðast eftir á einu sinni á ári, hinn 1. ágúst ár hvert. Óumdeilt er að skuldabréfið var óstimlað.

Hinn 23. nóvember 2007 var unnin samrunaáætlun fyrir FS21 ehf. og Vinnulyftur ehf. Samruninn var tilkynntur til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra með bréfi 29. nóvember 2007. Tilkynning um samruna félaganna var gefin út 4. desember 2007 og birtist auglýsing um hann í Lögbirtingarblaðinu 5. desember 2007.

FS21 ehf. greiddi fyrstu greiðslu samkvæmt kaupsamningi. Af umsaminni 105.000.000 króna greiðslu greiddi félagið stefnanda 40.314.538 krónur hinn 31. mars 2008. Frá greiðslunni höfðu þá verið dregnar 27.076.773 krónur sem kaupandi kvað vera vegna einkakostnaðar samkvæmt gr. 4.5 í kaupsamningnum og 37.608.689 krónur á grundvelli gr. 4.4. og 4.11. Í gr. 4.4. er ákvæði um að seljandi ábyrgist að leigutekjur og söluhagnaður hafi vaxið um 7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 frá sama tíma á árinu 2006. Er síðan mælt fyrir um að reynist þessar heildartekjur lægri, lækki kaupverð krónu á móti krónu og komi til lækkunar á greiðslu 31. mars 2008. Í gr. 4.11. er fjallað um áreiðanleikakönnunina og kemur þar fram að kaupandi áskilji sér fullan rétt til þess að koma með athugasemdir ef gögn, sem óskað var eftir en ekki útveguð, eða nýjar upplýsingar koma fram sem hafa veruleg áhrif á verðmæti félagsins eða annað, sem máli skiptir varðandi forsendur kaupanna.

Lögmaður stefnanda mótmælti uppgjöri FS21 ehf. sem röngu með bréfi 2. apríl 2008 og hefur síðan reynt innheimtu kröfu sinnar með ýmsum hætti. Þá hefur stefnandi óskað eftir aðkomu stefnda, KPMG ehf., að málinu. Þú Vinnulyftna ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 14. apríl 2010. Hefur stefnandi lýst kröfum sínum í þrotabúið með fjórum kröfulýsingum að fjárhæð samtals 213.315.879 krónur sem er stefnufjárhæðin. Hefur skiptastjóri þrotabúsins samþykkt kröfur stefnanda.

II.

Stefnandi vísar til þess að stefndu hafi allir gegnt afgerandi hlutverki við kaup og sölu félaganna Vinnulyftna ehf. og Smiðsbúðar 12 ehf. Starfsmenn stefnda, KPMG ehf., hafi átt frumkvæði að viðskiptunum og notað m.a. til þess félög sín þar sem stefndu, Benedikt og Einar, hafi verið lykilstarfsmenn. Hafi stefndu, Benedikt og Einar, komið fram í nafni stefnda, KPMG ehf. Stefndu hafi annast viðskiptin og útbúið öll skjöl vegna þeirra. Við sölu fyrirtækja gildi lög nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, og með vísan til ákvæða 27. gr. laganna beri fasteignasali ábyrgð á tjóni, sem hann eða starfsmenn hans valdi í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar.

Við viðskiptin hafi hagsmunir stefnanda verið settir í hættu og það hafi leitt til verulegs fjártjóns fyrir hann. Ljóst sé að framganga stefnda, KPMG ehf., og starfsmanna hans hafi brotið gegn ákvæðum 14. gr. og 15. gr. framangreindra laga, sem ætlað sé að tryggja sjálfstæði og óhlutdrægni fasteignasala. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laganna meini fasteignasala að hafa milligöngu um kaup eða sölu fasteignar, þ.m.t. fyrirtækis, búi hann eða starfsmenn hans yfir sérstökum upplýsingum sem hafi þýðingu við söluna og aðrir hafa ekki aðgang að. Stefndi, KPMG ehf., hafi vitað um hina raunverulegu kaupendur en lagt fram tilboð fyrir hönd félags sem kaupendum hafi verið ætlað að yfirtaka. Stefndi, KPMG ehf., hafi ekki upplýst stefnanda um það að lykilstarfsmaður hans til sjö ára ynni að yfirtökunni með stefnda. Þá hafi stefndi, KPMG ehf., vitað um það hvaða skilyrðum lán til FS21 væru bundin, enda hafi framkvæmd sölunnar tekið mið af því að hagsmunir Glitnis yrðu fyrst og fremst tryggðir á kostnað hagsmuna stefnanda. Fram að undirritun kaupsamnings hafi hagsmunir stefnda, KPMG ehf., verið beinir í gegnum félag í eigu hans, FS21.

Þá sé enn fremur lögð sú skylda á fasteignasala, sbr. ákvæði 3. mgr. 14. gr., að upplýsa um aðra hagsmuni sem hann kunnir að hafa annarra en greiðslu þóknunar og útlagðs kostnaðar. Ljóst sé að stefndi, KPMG ehf., hafi haft margvíslegra annarra hagsmuna að gæta en að tryggja sem lægst kaupverð. Þá hafi stefndi, KPMG ehf., strax við kaupin orðið að endurskoðanda hinna keyptu félaga og unnið að samrunaáætlun fyrir félögin FS21 og Vinnulyftur. Megi því vera ljóst að hagsmunir stefnda, KPMG ehf., hafi verið aðrir og meiri en hefðbundins fyrirtækjasala.

Stefndi, KPMG ehf., hafi ekki gætt að hlutlægnisskyldum sínum og ekki starfað svo sem góðar viðskiptavenjur bjóði. Hann hafi ekki liðsinnt bæði kaupanda og seljanda og gætt hagsmuna þeirra beggja, svo sem honum hafi borið að gera

samkvæmt 15. gr. fyrrgreindra laga. Ljóst sé að hagsmunir stefnanda hafi verið fyrir borð bornir og að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni.

Þá hafi kaupsamningurinn brotið gegn ákvæðum laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Vinnulyftur og Smiðsbúð 12 hafi fjármagnað kaup þriðja aðila, þ.e. FS21, við kaupin í sjálfum sér en ákvæði 2. mgr. 79. gr. laganna leggi fortakslaust bann við slíku. Með þessu hafi ákvæði framangreindra laga verið sniðgengin og brotin og þannig hafi stefndi, KPMG ehf., brotið gegn starfsskyldum sínum sem fasteignasali og gegn góðum viðskiptavenjum.

Með samruna Vinnulyftna ehf. og FS21 ehf. hafi verið brotið gegn ákvæðum XIV. kafla laga nr. 138/1994. Kaupferli félaganna hafi ekki verið lokið á þessum tíma og skyldur stefndu hafi ekki verið fallnar niður gagnvart stefnanda. Þá beri stefndu, Einar Sveinbjörnsson og KPMG ehf., jafnframt ábyrgð eftir þágildandi lögum um endurskoðendur nr. 18/1997. Sú ábyrgð byggir einnig á sakarábyrgð og því sé sérstakrar umfjöllunar ekki þörf. Ekki hafi verið getið mikilvægra upplýsinga í efnahags- og rekstrarsamrunareikningi, sem stefndi Einar hafi unnið fyrir stefnda, KPMG ehf. Stefndi Einar hafi unnið samrunaáætlun fyrir bæði félögin, FS21 ehf. og Vinnulyftur ehf., þrátt fyrir að ákvæði XIV. kafla laga nr. 138/1994 áskilji að tveir eða fleiri vinni áætlanir. Þannig hafi hann unnið að þeirri niðurstöðu að samruninn kæmi ekki til með að rýra verulega möguleika lánardrottna á fullnustu krafna í hverju félagi um sig. Vegna þessa hafi stefnandi orðið af möguleikum sem framangreind lög um einkahlutafélög veiti lánardrottnum samrunafélaga á því að tryggja kröfur sínar eða stöðva samruna. Með þessu hafi stefndu brotið gegn lögnum og góðum viðskiptavenjum og starfsháttum sem fyrirtækjasali.

Komist dómur að þeirri niðurstöðu að lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004 eigi ekki við í málinu, byggir stefnandi kröfur sínar á sakarreglu skaðabótaréttar. Þá vísar stefnandi enn fremur sérstaklega til svokallaðrar sérfræðiábyrgðar. Eftir þeirri ábyrgð séu gerðar strangari kröfur til hinna huglægu og hlutlægu þátta og sé gerð meiri krafa um aðgæslu og vandvirkni en almennt leiði af sakarreglunni og til þess hvað hafi mátt sjá fyrir um afleiðingar háttsemi. Stefndi byggir á því að stefndu hafi látið sér í léttu rúmi liggja hverjar endanlegar efnir kynnu að verða af kaupsamningi fyrir stefnanda, eins og ráðið verði af efni hans. Stefndu hafi engan reka gert að því að tryggja hagsmuni stefnanda, hvort heldur fyrir undirritun kaupsamnings eða eftir hana. Með aðkomu sinni að veðsetningu Smiðsbúðar 12 ehf. og samruna Vinnulyftna ehf. og FS21 ehf. hafi stefndu gengið beinlínis í berhögg við hagsmuni stefnanda af fullnustu samnings sem stefndu höfðu sjálfir útbúið. Þegar ábyrgð stefndu sé metin, verði að horfa til þess aðstöðumunar sem sé á aðilum og þeirrar miklu sérfræðiþekkingar sem framkvæmdin útheimti.

Stefnandi telur að stefndu hafi á öllum stigum kaupferlisins bakað sér bótaskyldu. Stefndi hafi ekki hreyft athugasemdum við verðmatið á félögum sínum, enda hafi hann treyst á faglega þjónustu stefnda, KPMG ehf. Verðmatið hafi þó auðsjáanlega verið unnið af tilboðsgjafa, þar eð FS21 ehf. hafi í raun verið í eigu stefnda, KPMG ehf.

Þrátt fyrir að stefnandi hefði látið frá sér fyrirtæki í öflugum rekstri, án nokkurra trygginga fyrir efninum á samningi, hafi hann gengist undir ríkar skyldur

til tryggingar efdum gagnvart viðsemjendum sínum. Þannig hafi stefnandi m.a. að þurft að gangast undir samkeppnisbann. Enn fremur hafi stefnandi og eiginkona hans þurft að gefa tryggingarréttindi í fasteign sinni, þar sem þau héldu heimili, fyrir allt að 30.000.000 króna „til tryggingar vegna hugsanlegra krafna frá skattyfirvöldum auk álags sem upp kunna að koma og rekja má til rekstrar félaganna fyrir dagsetningu þess tryggingarbréfs“, eins og segi í kaupsamningnum. Að auki hafi stefnandi þurft að taka á sig ótakmarkaða persónulega ábyrgð fyrir hugsanlegum skuldum. Hvergi í kaupsamningnum sé hins vegar getið um persónulegar ábyrgðir fyrirsvarsmanna og eigenda FS21 ehf. eða um aðrar tryggingar fyrir efdum á kaupum.

Stefnanda hafi enn fremur verið gert að undirrita samkomulag við stefnda, KPMG ehf., samhliða undirritun kaupsamningsins, þar sem stefndi, KPMG ehf., hélt eftir skjölum stefnanda á meðan gengið yrði frá samningnum Þetta hafi verið hlutaskrár í hinum seldu fyrirtækjum, eintak stefnanda af kaupsamningi, skuldabréfið, sem FS21 ehf. gaf út til handa stefnanda og samkomulagið um geymslu gagnanna. Hafi stefnandi fengið þessi gögn afhent 10. ágúst 2007. Í samkomulaginu komi fram að breytingar yrðu gerðar á prókúru rétti Vinnulyftna ehf. og Smiðsbúðar 12 ehf. áður en kaupverð yrði greitt.

Þá hafi stefndu frá upphafi leynt stefnanda mikilsverðum upplýsingum, unnið með lykilstarfsmönnum stefnanda á bak við hann, verið ófaglegir og óvandvirkir, virt að vettugi ákvæði laga og þá sérstaklega einkahlutafélagalaga og beinlínis unnið gegn hagsmunum hans eftir undirritun kaupsamnings. Þannig hafi stefnandi t.a.m. verið sviptur réttarstöðu lánardrottna samkvæmt 101. gr. laga nr. 138/1994 á grundvelli rangra upplýsinga og ófaglegrar niðurstöðu matsgerðar og efnahagssamrunareiknings stefnda Einars. Stefnandi telur stefndu hafa nýtt sér yfirburðastöðu sína gagnvart honum og vitað að hann treysti leiðsögn þeirra við hagsmunagæslu fyrir sína hönd. Hafi traustið verið misnotað og hafi stefnandi orðið fyrir verulegu tjóni af þeim sökum. Rökin fyrir hertu sakarmati og sérfræðiábyrgð fái meðal annars stoð í ákvæðum 2. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur nr. 18/1997 og í 15. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004.

Ábyrgð stefndu, KPMG ehf., KPMG FS ehf. og KPMG Lausna ehf., byggist á vinnuveitendaábyrgð. Aðild að þessum gerningum sé flókin vegna þess að stefndi, KPMG ehf., hafi komið á fót flóknu eignarhaldsneti utan um starfsemi sína og ekki gætt þess í skjalavinnslu sinni að merkja skjöl tryggilega.

Stefndi, KPMG FS ehf., hafi verið stofnað af stefnda, KPMG Lausnum ehf., sem aftur hafi verið í eigu stefnda, KPMG ehf. FS21 ehf. hafi verið stofnað af stefnda, KPMG FS ehf. Stefnandi Benedikt sé stjórnarmaður í stefnda, KPMG ehf., stefnda KPMG FS ehf., stefnda KPMG Lausnum ehf. og FS21 ehf. en þar hafi hann jafnframt verið prókúruhafi.

Stefndu þurfi að bera hallann af hvaða óvissu, sem kunni að vera fyrir hendi í þessu máli, og ljóst sé að starfsmenn þeirra allra, sem og aðkoma þeirra í gegnum eignarhaldsnet sitt, hafi verið til þess fallin að gera málið flóknara en þyrfti og því sé þess krafist að þeim verði öllum gert að greiða stefnanda skaðabætur in solidum. Þá sé aðild stefnda, KPMG ehf., nauðsynleg þar eð hann sé endanlega ábyrgur fyrir starfsháttum félaga í sinni eigu og sem hafi í eðli sínu verið ósjálfstæðar einingar

hans eða skúffufyrirtæki. Stefndu, Einar og Benedikt, séu persónulega ábyrgir, enda sé vinnuveitendaábyrgð ekki ætlað að leysa starfsmenn undan ábyrgð á skaðaverkum sínum. Stefndi Einar hafi unnið samrunaefnahagsreikning sem löggiltur endurskoðandi en í reikningnum sé farið efnislega rangt með staðreyndir sem varði hagsmuni stefnanda miklu. Þar sé ekki bókfært skuldabréfið, sem gefið hafi verið út stefnanda til handa, undir liðnum langtímaskuldir, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Þá sé ómögulegt að greina að tekið hafi verið tillit til greiðslu til stefnanda að fjárhæð 105.000.000 króna undir liðnum skammtímaskuldir.

Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sé stefnt til réttargæslu á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 99/2004 en stefndi, KPMG ehf., sé með ábyrgðartryggingu sína hjá félaginu en hann hafi neitað að upplýsa stefnanda um hvar hann væri ábyrgðar tryggður.

Tryggingamiðstöðinni hf. sé stefnt til réttargæslu á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 99/2004 stefndi, KPMG FS ehf., sé með ábyrgðartryggingu sína hjá félaginu.

Stefnandi kveður dómkröfu sína byggjast á lýstum kröfum sínum í þrotabú Vinnulyftna/FS21 ehf. sem samþykktar hafi verið af skiptastjóra og sundurliðist krafan þannig:

Krafa A: kr. 104.971.077

Krafa B: kr. 14.786.589

Krafa C: kr. 11.449.924

Krafa D: kr. 82.108.289

Samtals: kr. 213.315.879

Þá sé krafist dráttarvaxta frá úrskurðardegi um gjaldþrot frá 14. apríl 2010 til greiðsludags.

Enn fremur gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefndu in solidum að skaðlausu og samkvæmt hagsmunatengdum reikningi. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur og beri samkvæmt lögum um virðisaukaskatt að gera kröfu um virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar, laga um ársreikninga nr. 3/2006, laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004, laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og til 2. félagsréttartilskipunar EBE (77/91/EBE).

Stefndi, KPMG ehf., byggir sýknukröfu sína á því, að hvorki félagið né starfsmenn þess, sem það beri húsbóndaábyrgð á, hafi haft milligöngu um sölu á hlutum stefnanda í einkahlutafélögunum, Vinnulyftum og Smiðsbúð, til FS21 hinn 11. júlí 2007 í skilningi laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004. Ekkert samningssamband hafi verið milli stefnanda annars vegar og stefnda, KPMG ehf., eða starfsmanna, sem félagið beri húsbóndaábyrgð á, hins vegar. Stefndi, KPMG ehf., og starfsmenn hans hafi verið að vinna fyrir kaupanda hlutanna, FS21. Það hafi stefnandi vitað eða mátt vita þar sem það hafi m.a. komið fram í gögnum sem honum hafi verið afhent. Allir hafi starfsmennirnir verið á launaskrá hjá stefnda, KPMG ehf., og hafi FS21 greitt stefnda, KPMG ehf., þóknun fyrir ráðgjöfina. Á stefnda, KPMG ehf., og starfsmönnum félagsins hafi því engin skylda hvílt til að gæta hagsmuna stefnanda varðandi söluna. Stefndi hafi heldur ekki sannað eða gert sennilegt að stefndi, KPMG ehf., eða starfsmenn félagsins hafi af ásetningi eða gáleysi skert hagsmuni hans. Stefndi hafi notið liðsinnis viðskiptafræðingsins, Jóns S. Þorbergssonar, og verði að ætla að hann hafi verið fullfær um að gæta hagsmuna stefnanda og þekkt þekkingarleg takmörk sín. Jóni S. Þorbergssyni hafi borið að gera stefnanda grein fyrir því, ef hann hefði talið að þörf væri frekari ráðgjafar en hans við samningsgerðina. Bótaskylda stefnda, KPMG ehf., eða starfsmanna félagsins verði því hvorki reist á 27. gr. laga nr. 99/2004 né öðrum ákvæðum þeirra. Lög nr. 99/2004 eigi ekki við atvik máls þessa.

Stefndi, KPMG ehf., hafni því að hann eða starfsmenn, sem hann beri húsbóndaábyrgð á, hafi í störfum sínum fyrir FS21 bakað stefnanda tjóni með ólögmati og saknæmri háttsemi. Engin orsakatengsl séu milli ráðgjafar stefndu við FS21 og tjóns stefnanda.

Stefnanda og FS21 ehf. hafi verið frjálst að semja með þeim hætti sem gert hafi verið 11. júlí 2007. Kaupsamningurinn hafi verið afrakstur vinnu og ákvarðana beggja samningsaðila, sem hafi notið aðstoðar ráðgjafa sinna. Hafi kaupandi notið ráðgjafar stefnda, KPMG ehf., og seljandinn hafi notið aðstoðar Jóns S. Þorbergssonar viðskiptafræðings. Ráðgjafa stefnanda hafi þó ekki alltaf tekist að útvega þau gögn, sem ráðgjafi kaupanda hafi viljað sjá og fá áður en frá kaupsamningi yrði gengið. Endurspeglit þetta m.a. í grein 4.11. í kaupsamningnum.

Stefndi hafi fengið kaupsamningsgreiðsluna greidda. Hann hafi fengið greiðslu 31. mars 2008 greidda á gjaldþaga og hafi sú greiðsla numið 40.314.538 krónum, að frádregnum einkakostnaði hans að fjárhæð 27.076.773 krónur og leiðréttu kaupverði samkvæmt ákvæðum í kaupsamningi. Hafi stefndi ekki viljað sætta sig við leiðréttingu kaupverðsins og hafi komið upp ágreiningur milli kaupanda og stefnanda um, hvort honum hafi borið hærri greiðsla 31. mars 2008. Stefndi hafi hins vegar hvorki sýnt fram á það með efnisrökum eða gögnum að hann ætti rétt til hærri greiðslu en hann fékk. Þá hafi stefndi heldur ekkert hirt um að reyna innheimtu meintra eftirstöðva hjá kaupanda, heldur staðið í öðru og óskyldu þrasi og bréfaskriftum við kaupendur, auk þess sem lögmaður hans hafi krafist stefnda, KPMG ehf., um upplýsingar, sem lögmaðurinn hefði allt eins geta fengið hjá stefnanda sjálfum. Aðgerðarleysi stefnanda og lögmanns hans virðist því helst hafa bakað honum tjóni að þessu leyti, hafi stefndi átt einhvern rétt til frekari greiðslna 31. mars 2008. Kröfufylsing í þrotabú FS21 ehf. sé hvorki grundvöllur undir bótaskyldu stefnda, KPMG ehf., eða starfsmanna, sem hann ber

húsbóndaábyrgð á, né fjárhæð skaðabótakröfu.

Stefndi, KPMG ehf., byggir á því að ekkert í samningum FS21 ehf. og stefnanda hafi bannað samruna félagsins við Vinnulyftur ehf. Samruni félaganna hafi ekki verið í andstöðu við 2. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Fullyrðing í stefnu um að svo sé, án þess að færa nokkur efnisleg rök fyrir staðhæfingunni, feli ekki í sér sönnun um brot, ólögmæta og saknæma háttsemi. Hvergi í stefnu eða framlögðum gögnum sé gerð tilraun til þess af hálfu stefnanda að sanna að samruninn hafi dregið úr getu hins sameinaða félags til að efna kaupin. Hafa verði hugfast, að hinn 31. mars 2008 hafði FS21 ehf. greitt allt kaupverðið, að frátöldu eftirstöðvaskuldabréfinu að fjárhæð 90.000.000 króna.

Hvorki stefndi, KPMG ehf., né nokkur starfsmaður hans, sem kom að gerð nauðsynlegra samrunagagna FS21 ehf. og Vinnulyftna ehf., hafi bakað stefnanda tjón með þeim störfum sínum. Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við samruna félaganna, hvorki þegar hann var auglýstur í Lögbirtingarblaðinu, né í apríl 2008 þegar stefnandi krafðist 31.977.575 króna, auk dráttarvaxta að fjárhæð 5.773.729 króna, sem hann hafði reiknað frá kaupsamningsdegi 11. júlí 2007, þótt krafan hafi fyrst verið á gjalddaga 31. mars 2008. Dráttarvaxtakrafa þessi sé fráleit.

Kaupendur og stefnandi hafi í frjálsum samningi sín á milli ákveðið að eftirstöðvaskuldabréf að fjárhæð 90.000.000 króna skyldi vera eingreiðsluskuldabréf, án veðtrygginga, með gjalddaga 1. ágúst 2010, og að vexti skyldi greiða 1. ágúst ár hvert fram að gjalddaga þess. Stefnda, KPMG ehf., sé með öllu ókunnugt um, hvort umsamdir vextir hafi verið greiddir 1. ágúst 2008. Í kröfulýsingu sé skuldabréfið sagt hafa verið gjaldfellt 1. ágúst 2009. Höfundur skuldabréfs, sem efnislega er í samræmi við það sem fyrirskrifað sé, t.d. í kaupsamningi, eins og reyndin hafi verið hjá FS21 og stefnanda, verði ekki gerður ábyrgur, þótt skuldari geti ekki greitt skuldabréfið þegar á reyni. Ábyrgð höfundar væri þá hlutlæg en almennri hlutlægri bótareglu sé ekki til að dreifa í íslenskum rétti. Stefnandi hafi ekki sannað að FS21 hefði ekki getað greitt af skuldabréfinu, hefðu forsendur kaupanna, verðlagning hlutanna, fjármögnun kaupanna og önnur atriði gengið eftir.

Stefndi, KPMG ehf., bendir á að forsvarsmenn FS21, sem voru í samningssambandi við stefnda, hafi við gjaldþrot FS21 14. apríl 2010 lýst ástæðum gjaldþrotsins. Í þeirra huga hafi gjaldþrotið ekki átt rót sína í saknæmri og ólögmætri háttsemi stefnda, KPMG ehf., eða starfsmanna sem stefndi beri húsbóndaábyrgð á, heldur hruni íslensks viðskiptalífs á árinu 2008 með tilheyrandi stökkbreytingu gengistryggðra lána FS21, sem tekin hefðu verið hjá Glitni banka hf. vegna kaupanna. Andvirði þeirra hefði allt runnið til stefnanda sem liður í efninum á kaupsamningnum frá 11. júlí 2007.

Ætla megi að í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands um ólögmæti gengistryggðra lána og endurútreikning vaxta á greidda gjalddaga sé hins vegar að koma í ljós að FS21 hafi ekki átt við þann fjárhagsvanda að glíma, sem talið hafi verið í apríl 2010 þegar stjórn félagsins ákvað að gefa það upp til gjaldþrotaskipta vegna þrýstings frá Íslandsbanka hf., sem tekið hafði við lánasamningum Glitnis banka hf., við greiðsluþrot hans í byrjun október 2008. Þegar FS21 hafi orðið gjaldþrota, hefði stefnandi ekki gert neinn reka að því að tryggja hagsmuni sína gagnvart félaginu. Hefði hann þó notið lögmannsþjónustu vegna meintra vanefnda

FS21 allt frá 2. apríl 2008. Meint tjón stefnanda megi því kannski helst rekja til athafnaleysis stefnanda sjálfs og lögmans hans.

Stefndi, KPMG Lausnir ehf., byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi ekkert komið að samningum FS21 og stefnanda. Hann geti því ekki átt aðild að máli þessu og beri því að sýkna hann á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefndi, KPMG FS ehf., byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi ekkert komið að samningum FS21 og stefnanda. Hann geti því ekki á aðild að máli þessu og beri því að sýkna hann á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefndi, Benedikt Kjartan Magnússon, kveðst hafa starfað fyrir meðstefnda, KPMG ehf., og leitt vinnu félagsins í þágu FS21. Stefndi, KPMG ehf., beri húsbóndaábyrgð á störfum hans og byggir stefndi sýknukröfu sína á sömu málsástæðum og stefndi, KPMG ehf.

Stefndi, Einar Sveinbjörnsson, kveðst vera endurskoðandi hjá stefnda, KPMG ehf., og falli undir starfsábyrgðartryggingu félagsins, sem því hafi verið skylt að hafa, sbr. 10. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, sem verið hafi í gildi til 1. janúar 2009. Stefndi Einar verði ekki persónulega krafinn um greiðslu skaðabóta vegna starfa sinna sem endurskoðandi hjá stefnda, KPMG ehf., nema sannað sé að hann hafi í störfum sínum valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, sbr. 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Á því sé ekki byggt í stefnu. Í störfum sínum hjá stefnda, KPMG ehf., hafi stefndi enga þjónustu veitt stefnanda. Ekkert í störfum stefnda sem endurskoðanda hjá stefnda, KPMG ehf., hafi valdið stefnanda tjóni.

Stefndu benda á að samrunaefnahagsreikningur Vinnulyftna ehf. og FS21 ehf., sem stefnandi hafi lagt fram, geymi allar upplýsingar um skuldir félaganna, eins og fram komi í framlagðri yfirlýsingu stefnda Einars frá 28. janúar 2012. Stefndi hafi ekki sannað með matsgerð að samrunaefnahagsreikningi Vinnulyftna ehf. og FS21 ehf. hafi verið áfátt og leitt til tjóns fyrir stefnanda.

Stefndu mótmæla fjárhæð bótakröfu stefnanda sem ósannaðri. Ósamþykktar kröfulýsingar í þrotabú kaupanda séu ekki sönnunargögn um tjón stefnanda. Auk þess geymi skaðabótakrafan bæði dráttarvexti og innheimtukostnað en ekkert liggir fyrir um að stefnandi hafi greitt lögmanni sínum innheimtukostnaðinn. Þá virðist stefnandi hafa lækkað um helming frádrátt samkvæmt grein 4.5 í kaupsamningi sem lögmaður hans hefði samþykkt í apríl 2008.

Stefndu mótmæla upphafstíma dráttarvaxtakröfu stefnanda, enda sé hann ekki í samræmi við 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Með stefnu í máli þessu, sem þingfest hafi verið hinn 15. desember 2011, hafi stefnandi fyrst lagt fram gögn til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta og því geti skaðabótakrafan fyrst borið dráttarvexti einum mánuði þaðan í frá. Verði stefndu taldir bótaskyldir, sé þess krafist að bætur beri dráttarvexti frá dómsuppsögu, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Með vísan til 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé gerð krafa um að stefnda Benedikt verði ekki gert að greiða neinar bætur, komist rétturinn að því að hann hafi bakað stefnanda tjón.

Sýknukröfur eru byggðar á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004, óskráðum og skráðum reglum skaðabótaréttar utan samninga, 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Kröfur um málskostnað eru byggðar á ákvæðum 129. og 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og kröfur um virðisaukaskatt á málskostnað eru byggðar á ákvæðum laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

IV.

Af hálfu réttargæslustefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., eru engar kröfur gerðar en hann styður kröfur og málflutning stefnda, KPMG ehf.

Í greinargerð sinni lýsir réttargæslustefndi því að stefndi, KPMG ehf., hafi verið með lögboðna starfsábyrgðartryggingu endurskoðanda í gildi hjá félaginu frá 27. janúar 1998. Gildi váttryggingaskilmálar réttargæslustefnda um starfsábyrgðar tryggingar endurskoðenda um váttrygginguna, Váttryggingarfjárhæðin sé 50.000.000 krónur í hverju einstöku tjóni og hámarksbætur á váttryggingartímabilinu séu 50.000.000 króna. Réttargæslustefndi kveður stefnda, Einar Sveinbjörnsson, vera váttryggðan samkvæmt framangreindri váttryggingu í samræmi við þá skilmála sem um hana gildi. Stefndu, KPMG Lausnir ehf. og KPMG FS ehf., séu hins vegar ekki og hafi aldrei verið með váttryggingar í gildi hjá réttargæslustefnda. Þá hafi stefndi, KPMG ehf., ekki verið með starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá réttargæslustefnda.

V.

Af hálfu réttargæslustefnda, Tryggingamiðstöðvarinnar hf., eru engar kröfur gerðar á hendur stefnanda.

Í greinargerð réttargæslustefnda kemur fram að stefndi, KPMG FS ehf., hafi haft í gildi starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá réttargæslustefnda frá 1. janúar 2006 til ársloka 2009. Einn starfsmaður (fasteignasali), Ágúst Þórhallsson, hafi verið váttryggður og hafi hámarksbætur vegna hvers einstaks tjónstilviks numið 9.010.000 krónum á síðasta váttryggingartímabili, sem váttryggingin var í gildi, þ.e. tímabilið 1. janúar 2009 til 31. desember 2009. Stefndu í máli þessu hafi ekki haft aðrar váttryggingar (ábyrgðartryggingar) hjá félaginu, sem komið geti til skoðunar vegna dómkröfu stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt gr. 6.1 í váttryggingarskilmálum þeim, sem giltu um fyrrgreinda starfsábyrgðartryggingu, hafi váttryggingin tekið til skaðabótakröfu gegn váttryggingartaka sem stofnað var til á váttryggingartímanum. Skaðabótakrafa taldist hafa stofnast, sbr. gr. 6.2, við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hafði borið að höndum:

a. að þriðji maður gerði skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggingartaka,

b. að váttryggingartaka varð fyrst kunnugt um að þriðji maður hafði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem gat fallið undir váttrygginguna og kunni að verða rakið til váttryggingartaka eða starfsmanna hans eða að bein hætta var á að slíkt tjón yrði.

Þá hafi verið tekið fram í gr. 6.3 í skilmálunum að váttryggingin tæki ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu sem stofnast hafði gegn váttryggingartaka á váttryggingartímanum, hefði krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi tólf mánuðum eftir lok váttryggingarinnar.

Réttargæslustefnda hafi ekki verið tilkynnt um skaðabótakröfu þá, sem höfð sé uppi í dómsmáli þessu á hendur váttryggingartakanum, stefnda KPMG FS ehf., áður en tólf mánuðir voru liðnir frá lokum váttryggingarinnar, heldur hafi það fyrst gerst við höfðun dómsmálsins. Þá verði ekki annað ráðið af málatilbúnaði stefnanda og gögnum málsins að öðru leyti en að stefndi, KPMG ehf., hafi annast sölu fyrirtækjanna Vinnulyftna ehf. og Smiðsbúðar 12 ehf. þegar stefnandi seldi fyrirtækin til FS21 ehf. á árinu 2007, auk þess sem stefndi, KPMG ehf., hefði haft faglega umsjón með sameiningu fyrirtækjanna Vinnulyftna ehf. og FS21 ehf. í kjölfarið. Ekki verði heldur séð að sá, sem váttryggður var samkvæmt ábyrgðartryggingunni, Ágúst Þórhallsson, hafi léð atbeina sinn við umrædda fyrirtækjasölu eða fyrirtækjasamruna. Í ljósi þessa sé engum vafa undirorpið að ekki geti komið til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu þeirri, sem stefndi, KPMG FS ehf., hafi haft hjá réttargæslustefnda vegna þeirrar skaðabótakröfu sem stefnandi hefur uppi í máli þessu.

VI.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur stefnandi málsins og stefndi, Benedikt Kjartan Magnússon, viðskiptamaður og forstöðumaður fyrirtækjasviðs stefnda, KPMG ehf., og vitnin, Jón Sævar Þorbergsson viðskiptafræðingur, Ágúst Þórhallsson hdl., og Ásbjörn Jónsson hrl., skiptastjóri þrotabús Vinnulyftna og Smiðsbúðar 12. Verða skýrslur þeirra raktar eins og þurfa þykir.

Stefnandi gerir í máli þessu skaðabótakröfur á hendur stefndu og byggir á því að stefndu hafi annast viðskiptin og útbúið öll skjöl vegna þeirra. Vísar stefnandi í fyrsta lagi til þess að lög nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, eigi hér við og einkum ákvæði 27. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Byggir stefnandi á því að við þessi viðskipti hafi hagsmunir stefnanda verið settir í hættu og það hafi leitt til verulegs fjártjóns fyrir stefnanda. Hafi hin stefndu félög og starfsmenn þeirra brotið gegn ákvæðum 14. og 15. gr. sömu laga. Þessu hafa stefndu mótmælt og byggja sýknukröfu sína á því að hvorki stefndi, KPMG ehf., né starfsmenn hans sem hann beri húsbónndaábyrgð á, hafi haft milligöngu um umrædda sölu á hlutum stefnanda í einkahlutafélögunum Vinnulyftum og Smiðsbúð 12 í skilningi laga nr. 99/2004 og að ekkert samningssamband hafi verið milli stefnanda og þeirra. Hafi stefndi, KPMG ehf., og

starfsmenn hans unnið við ráðgjöf fyrir kaupanda hlutanna, FS21 ehf.

Stefnandi og stefndi Benedikt lýstu atvikum við tilboðsgerð FS21 ehf. í fyrirtæki stefnanda með ólíkum hætti í skýrslum sínum hér fyrir dómnum við aðalmeðferð málsins. Stefnandi kvað stefnda Benedikt hafa komið heim til sín á föstudegi um hvítasunnuhelgina 2007 og sagst vera frá stefnda, KPMG ehf., og spurt hvort hann vildi selja fyrirtæki sín. Þegar stefnandi hefði sagst ekki myndu selja þau fyrir það verð sem boðið væri, hefði stefndi Benedikt dregið fram annað tilboð sem hefði gilt til kvölds sama dag. Hann kvaðst hafa ráðfært sig við eiginkonu sína en síðan hringt í Benedikt og sagst ætla að taka tilboðinu og hefði Benedikt hvatt hann til þess. Kvaðst stefnandi síðan hafi undirritað tilboðið sama kvöld.

Benedikt kvaðst hins vegar líklegast að hann hefði sent stefnanda tilboðin tvö í tölvupósti en gat ekki fullyrt hvernig það fór fram. Fullyrti hann þó að hann hefði ekki bankað upp á hjá stefnanda með tvö tilboð á föstudegi, eins og stefnandi lýsir því. Jón S. Þorbergsson hefði haft samband við starfsmann stefnda, KPMG ehf., eftir að fyrri tilboðið hefði verið gert og upplýst um að það væri of lágt. Þá hefði stefndi haft samband við umbjóðendur sína og í kjölfarið gert nýtt tilboð og hefði það verið á miðvikudegi eða fimmtudegi. Því tilboði hefði ekki verið svarað á föstudegi og hefði tilboðsfresturinn því runnið út. Á laugardeginum hefði stefndi fengið símtal frá stefnanda þar sem hann hefði spurt að því, hvort hann gæti enn tekið tilboðinu. Stefnandi kvaðst þá hafa farið til stefnanda og stefnandi skrifað undir tilboðið. Það væri skýringin á því að á tilboðið hafi verið handritað að tilboðsfresturinn hefði verið framlengdur.

Gögn málsins bera með sér að fyrri tilboðið er dagsett 22. maí og gildi til 23. maí kl. 12:00. Seinna tilboðið er dagsett 22. maí, sem stefndi Benedikt segir að sé líklega handvömm, og ber með sér að upphaflegum gildistíma hafi fyrst verið breytt í föstudaginn 25. maí kl. 12:00 og síðan hafi tilboðsfrestur verið framlengdur til laugardagsins 26. maí kl. 24:00. Þar sem frásögn stefnda Benedikts er í samræmi við gögn málsins verður að miða við þá atvikalýsingu að þessu leyti.

Stefnandi kvaðst á þessum tíma hafa treyst stefnda, KPMG ehf., til þess að sjá um sína hagsmuni í þessum viðskiptum, enda hefði Benedikt kynnt sig sem starfsmann stefnda, KPMG ehf., þegar hann kom með kautilboðið og kvaðst stefnandi hvorki hafa ráðfært sig við lögmann né fasteignasala áður en hann samþykkti kautilboðið. Hins vegar kom fram hjá stefnanda að hann hefði litið svo á að stefndu, KPMG ehf. og Benedikt, hefðu fyrst og fremst verið að vinna fyrir FS21 ehf. við tilboðsgerðina.

Í málinu liggur frammi skjal, dagsett 18. apríl 2007, sem merkt er sem trúnaðarmál. Skjalið er stílað á Smíðanda ehf./NewCo, Eið Inga Sigurðarson og Gest Má Þráinsson sem óumdeilt er að keyptu síðar, ásamt Elíasi Ívarssyni, fyrrverandi starfsmanni stefnanda, fyrirtækið FS21 ehf. af stefnda, KPMG ehf., og sem gerði síðar kautilboð í umrædd félög stefnanda og varð kaupsamningshafi samkvæmt umræddum kaupsamningi frá 11. júlí 2007. Í skjalinu segir um efni þess í fyrirsögn að um sé að ræða verkefnistillögu um þjónustu vegna kaupa á Vinnulyftum ehf. og Smíðsbúð 12 ehf. Segir í síðan í kafla um hlutverk stefnda sem fjármálaráðgjafa að aðkoma hans felist í fyrsta áfanga í frumskoðun, fjárhagslegri uppbyggingu og skilgreiningu samningsramma. Annar áfangi er sagður lúta að

formlegum viðræðum við seljanda og kynning til fjármálafyrirtækja og fjárfesta en þriðji áfangi felist í samningum við fjármögnunaraðila og fjárfesta. Fjórði áfangi felist í framkvæmd áreiðanleikakönnunar og uppsetningar samninga vegna yfirtöku. Loks er gert ráð fyrir að af hálfu stefnda muni vinna við verkefnið tilgreindir menn sem myndi ráðgjafahóp, þ. á m. stefndi Benedikt og Ágúst Þórhallsson hdl. Við skýrslutökur við aðalmeðferð málsins báru þeir báðir á þann veg að aðkoma stefnda, KPMG ehf., hefði eingöngu verið ráðgjöf við FS21 ehf. vegna umræddra viðskipta og kvaðst vitnið Ágúst ekki hafa komið að sölunni sem fasteignasali, auk þess sem hann hefði verið í fríi frá störfum þegar gengið var frá samningum. Kannaðist vitnið hvorki við að hafa samið umrædd kauptilboð né kaupsamning. Samkvæmt tölvupósti frá starfsmanni sýslumannsins í Hafnarfirði var Ágúst Þórhallsson hdl. sá eini af starfsmönnum hinna stefndu félaga, sem hefði fengið löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Í framlögðum drögum að bréfi stefnda, KPMG ehf., til stefnanda dagsettum 9. júlí 2007, er tekið fram að stefndi hafi veitt FS21 ráðgjöf um fyrirhuguð kaup á öllu hlutafé stefnanda í umræddum félögum.

Að öllu framangreindu virtu verður að telja ósannað að stefndi, KPMG ehf., eða starfsmenn hans hafi komið að þessum viðskiptum sem löggiltur fasteignasali þannig að ákvæði laga nr. 99/2004 eigi við um ætlaða skaðabótaábyrgð þeirra í máli þessu. Verður málsástæðum stefnanda, sem byggja á þessari forsendu, því hafnað.

Stefnandi byggir jafnframt á því að með umræddum kaupsamningi hafi verið brotið gegn ákvæðum laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Hafi Vinnulyftur ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. fjármagnað kaup þriðja aðila, þ.e. FS21 ehf., við kaupin í sjálfum sér og hafi þannig verið brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 79. gr. laganna. Stefnandi hefur ekki fært fyrir því haldbær rök í stefnu, að umræddur kaupsamningur hafi samkvæmt efni sínu brotið gegn ákvæðum laga nr. 138/1994 þannig að það skapaði stefndu skaðabótaábyrgð, hvorki að því er varðar tilvísun stefnanda til 2. mgr. 79. gr. laganna né ákvæða XIV. kafla þeirra. Verður niðurstaða máls þessa því ekki á þessari málsástæðu byggð.

Stefnandi byggir kröfur sínar einnig á sakarreglu skaðabótaréttar og vísar jafnframt til svo kallaðrar sérfræðiábyrgðar.

Óumdeilt að enginn þeirra, sem stefnt er í máli þessu, var ráðinn af stefnanda til að vinna við ráðgjöf eða til að aðstoða hann með öðrum hætti við umrædd viðskipti. Eins og áður er rakið, kvaðst stefnandi í skýrslu sinni hér fyrir dómnum hafa litið svo á að stefndu, KPMG ehf. og Benedikt, hefðu fyrst og fremst verið að vinna fyrir FS21 ehf. við tilboðsgerðina. Þá kom fram hjá stefnanda að hann hefði ekki verið í neinu sambandi við stefndu frá samþykkt tilboðsins og fram að kaupsamningsgerð. Virðist því sem stefnandi hafi, á þeim tíma sem unnið var að gerð kauptilboða og kaupsamnings, mátt gera sér grein fyrir því að stefndu bæri ekki sérstök skylda til að gæta hagsmuna hans, hvorki við samningsgerðina né síðar. Breytir engu um þá niðurstöðu, þótt stefndu hafi sérþekkingu á sviði endurskoðunar og bókhalds.

Stefnandi kvaðst við aðalmeðferð málsins hafa ákveðið að ganga til kaup samningsgerðar við FS21 ehf. á grundvelli kauptilboðs sem hann kannast við að

hafa yfirfarið og undirritað. Bæði stefnandi og vitni hafa lýst því að á fundi til undirritunar kaupsamningsins 11. júlí 2007 hafi verið farið yfir efni kaupsamningsins og skjöl honum tengd. Óumdeilt er að Jón S. Þorbergsson viðskiptafræðingur mætti með stefnanda til fundarins og hafði áður unnið að því að afla gagna frá fyrirtækjum stefnanda fyrir stefnda, KPMG ehf., og fleiri vegna vinnu við gerð áreiðanleikakönnunar við undirbúning umræddrar sölu fyrirtækjanna. Í framburði stefnanda og vætti framangreinds Jón S. Þorbergssonar kom hins vegar fram að hinn síðarnefndi hefði ekki komið að umræddum viðskiptum sem sérfróður ráðgjafi stefnanda, enda hefði hann ekki sérfræðipekkingu til þess, heldur einvörðungu sem kunningi stefnanda og bókari. Allt að einu verður það ekki virt stefndu til sakar þótt stefnandi hafi kosið að leita sér ekki frekari ráðgjafar í umræddum viðskiptum. Þá er í ljós leitt að stefnandi gerði ekki fyrirvara við eignarhald Elíasar Ívarssonar, fyrrum starfsmanns síns, á FS21 ehf. við tilboðs- eða kaupsamningsgerðina og hafði ekki gert það að forsendu fyrir sölnunni að upplýst væri hverjir stæðu að fyrirtækinu. Þá liggur fyrir að stefnandi gekk ekki frá kaupsamningsgerðinni þótt þá kæmi í ljós að Elías ætti þar aðkomu að málum og undirritaði kaupsamninginn fyrir hönd kaupanda. Að þessu virtu þykja engin rök til þess að það verði virt stefndu til sakar þótt stefnandi hafi ekki verið upplýstur sérstaklega um þessi atriði við umrædda samningsgerð.

Stefnandi hefur ekki í málalíbúnaði sínum sýnt fram á orsakatengsl milli ráðgjafar stefndu við FS21 ehf. og ætlaðs tjóns stefnanda. Hvorki verður ráðið af framlögðum gögnum né vætti vitna og framburði stefnanda hér fyrir dóminum, að stefndu hafi í umræddum viðskiptum leynt stefnanda mikilsverðum upplýsingum, unnið með lykilstarfsmönnum stefnanda að baki honum, verið ófaglegir og óvandvirkir, virt að vettugi ákvæði laga, né unnið beinlínis gegn hagsmunum stefnanda eftir undirritun kaupsamnings svo valdið hafi stefnanda tjóni, svo sem stefnandi heldur fram í stefnu. Verður því að telja ósannað að stefndu, KPMG ehf. og Benedikt, hafi með ólögmætri og saknæmri háttsemi valdið stefnanda tjóni. Þá hefur stefnandi hvorki fært fyrir því haldbær rök né fært sönnur á, að vinna stefnda Einars við samrunaáætlun FS21 ehf. og Vinnulyftna ehf. hafi bakað stefnanda tjón það, sem hann kveðst hafa orðið fyrir og krafist bóta vegna í máli þessu.

Bæði stefndi Benedikt og vitnið Ágúst Þórhallsson báru um það í skýrslum sínum að stefndi, KPMG ehf., hefði komið að umræddum viðskiptum stefnanda og FS21 ehf. sem ráðgjafi þess síðarnefnda. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um aðkomu stefndu, KPMG lausna ehf. og KPMG FS ehf., að þeim viðskiptum, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, og hefur stefnandi ekki stutt málalíbúnað sinn um aðild þeirra fullnægjandi rökum. An nánari skýringa, nægir hér ekki að vísa til þess að um flókin eignatengsl hinna stefndu fyrirtækja sé að ræða. Verður því að fallast á sýknukröfu þessara stefndu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Að öllu framsögðu virtu er það niðurstaða dómsins að ósannað sé að stefndu hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem bakað hafi stefnanda tjón með þeim hætti sem hann byggir á í máli þessu. Þá hefur stefnandi ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að orsakasamband sé milli þess tjóns, sem hann kveður sig hafa orðið fyrir, og háttsemi stefndu. Verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af skaðabótakröfu stefnanda í málinu.

Eftir niðurstöðu málsins verður stefnanda gert að greiða stefndu hverjum um sig 150.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndu, KPMG ehf., KPMG lausnir ehf., KPMG FS ehf., Benedikt Kjartan Magnússon, og Einar Sveinbjörnsson, eru sýknir af kröfum stefnanda, Eyvindar Jóhannssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda, KPMG ehf., 150.000 krónur í málskostnað.

Stefnandi greiði stefnda, KPMG lausnum ehf., 150.000 krónur í málskostnað.

Stefnandi greiði stefnda, KPMG FS ehf., 150.000 krónur í málskostnað.

Stefnandi greiði stefnda, **Benedikt Kjartani Magnússyni**, 150.000 krónur í málskostnað.

Stefnandi greiði stefnda, **Einari Sveinbjörnssyni**, 150.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir